

# Tvist og bast um list Errós

Nú er vísað kominn í hús lunginn af þeirri miklu gjöf sem Erró færði íslensku þjóðinni. Þó hefur þessi geðfelldi vinnubjarkur látið að því liggja að hann muni áfram slaka til þjóðarinnar mynd og mynd, svona eftir því hvernig hann er upplagður. Og þótt hann sé illa upplagður akkúrat nú er ekki að efa að hann verður bráðlega búinn að ná fyrri kröftum og afköstum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um gildi þessarar gjafar listamannsins fyrir íslenskar sjónmenntir. Ef rétt er á haldið má nota verk Errós til að draga upp ótalmargar heillegar myndir, ekki aðeins af myndlistarþroska hans sjálfs heldur einnig af flestum þeim myndlistarstefnum og heimspekilegu viðhorfum til myndlistar sem grasserað hafa á Vesturlöndum frá því seinni heimsstyrjöld lauk, afstraktlistinni, síðsúrrealisma, popplist, frásagnarmálverkinu, uppákomum o.s.frv.

## Myndlist

Menn biðu því með nokkurri eftirvæntingu „stóru sýningarinnar“ á verkum Errós sem rætt var um að setja upp í þar til gerðum sölum Hafnarhússins þar sem hún mundi gefa vísendingu um það hvernig Listasafn Reykjavíkur ætlaði sér að hagnýta þessa listaverkaeign í bráð og lengd. Nú þegar þessi sýning hefur hangið uppi samfleytt í þrjá mánuði ætti engum að vera vorkunn að mynda sér skoðun á henni. Og þá er sá sem þetta skrifar örugglega ekki einn um þá skoðun að í litlu samfélagi reyni þriggja mánaða myndlistarsýningar um of á þolinmæði áhorfenda.

## Yfirlit skortir

En mest veltur auðvitað á samsetningu sýningarinnar. Í tilefni formlegrar opunar á Erró-sölum bjóst maður við að fá skilvirkt yfirlit yfir gjörvalla myndlistarferil listamannsins; við slíkt yfirlit mátti síðan þrjú mánuð margvíslega útúrúra á næstu mánuðum og árum. Skipuleggjendur kjósa hins vegar að fara tvíst og bast um þennan feril: leggja einn sal undir stórbrotna fleka af teiknimyndafígúrum, annan undir myndirnar frá sjötta og sjöunda áratugnum, þann þriðja eingöngu undir gjörninga, fjórða salinn undir sérfrá ymsum tímum og þann fimmta undir samantekt á aðskiljanlegri tækni sem Erró hefur



Erró ásamt einu listaverkanna á sýningunni

DV-MYND BÓK

Ef rétt er á haldið má nota verk Errós til að draga upp ótalmargar heillegar myndir af liststefnum í Evrópu á seinni hluta 20. aldar.

beitt um dagana. Heildstæðastir eru tvímæla-laut salirnir með teiknimyndafígúrunum og eldri málverkunum.

Þessi vinnubrögð eru auðvitað réttlætlanleg ef reynt er að gera grein fyrir því sem er að gerast í hverjum sal og tengslum salanna innbyrðis í formi vísendinga eða prentaðra upplýsinga. Hins vegar er allur gangur á upplýsingamiðluninni. Leiðandi textar á íslensku og ensku eru óþjálir; hvað er t.d. „mögnun“ listamanns?

Upplýsingatextar við einstakar myndir eru allt of oft menntaskólaþýðingar á gagnslausu fröðusnaki einhverra blaðamanna úti í Frans, meðan forsóðar er að gera grein fyrir einföldustu staðreyndum. Í salnum með eldri myndum Errós hefði til dæmis mátt vísa til sterkra áhrifa ítölsku eftirstriðsmálaranna Biorrolli og Sironi, jafnvel að birta ljósmyndir til samanburðar.

## Aðalsmerki: fagmennska

Síðan er hreinn og klár viðvuningsbragur á salnum sem helgaður er listmiðlum Errós

(tönnlast er á „artistic media“, en venjan er að tala einfaldlega um „media“ þegar „artist“ á klárlega í hlut). Í fyrsta lagi virðast verkin í salnum valin af fullkomnu handahófi, sjálf upphengingin er allt of þétt; auk þess sem ekki er stafkrók að finna um þau „media“ sem notuð eru í hverju verki. Raunar er alls engar upplýsingar um efnivið verkanna að finna á gjörvallri sýningunni. Loks eru í salnum teikningar frá ca 1958 af tættum hálf-beinagrindum og eru þær sagðar „nafnlausar“ (untitled). Þær eru í rauninni hluti af myndröð sem nefnist „Sur-atom“ (Í skugga atómsprengingar?) sem stökkbreytir merkingu þeirra.

Í framtíðinni verður Listasafn Reykjavíkur að gera upp við sig hvað það vill segja þjóðinni með verkum Errós, meðhöndla þau síðan af þeirri fagmennsku sem er aðalsmerki hans sjálfs.

Aðalsteinn Ingólfsson

Sýning Errós er í öllum sölum Hafnarhússins til 7. október. Opíó alla daga kl. 11–18 en til kl. 19 á fimmtudögum.

## Arndís Halla næturdrottning

Í stað Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, sem vera átti gestur Óperunnar í hlutverki næturdrottningarinnar á sýningunum 26. og 28. október, kemur

Arndís Halla Ásgeirsdóttir – sem einmitt þessa dagana syngur hlutverk næturdrottningarinnar við óperuhúsið í Neustrelitz í Þýskalandi.

Tónlistarunnendur minnst áreiðanlega glæsilegs söngs hennar á Vínartónleikum í byrjun þessa árs.

Orðrómur hefur borist um að Diddú hafi fengið spennandi tilboð frá útlöndum eftir stórfenglega frammistöðu á tónleikum með Carreras í Laugardalshöllinni 17. september og það sé ástæðan fyrir því að hún getur ekki sungið í Töfraflautunni hér heima...



## Lukkunúmer

Jazzhátíð Reykjavíkur er ekki alveg lokið enn. Eins og getið var um við kaup á aðgöngumiðum og í kynningum á tónleikum voru allir aðgöngumiðar hátíðarinnar númeraðir og fólk hvatt til þess að geyma þá. Nú er verið að safna miðunum saman og er fólk beðið um að senda þá í pósti á eftirfarandi heimilisfang: Jazzhátíð – Lukkunúmer, Pósthólf 8955, 128 Reykjavík. Látið fylgja nafn, kennitölur, heimilisfang, símanúmer og netfang. Frestur til að skila miðum hefur verið framlengdur til 10. október. Þá verður dregið úr öllum innsendum nöfnum sem fylgja fullgildir miðar og umbeðnar upplýsingar. Sendu alla miðana þína, því þú hefur eins marga möguleika og miðarnir eru margir.

Ef þið viljið líta á vinningana er slóðin [www.ReykjavikJazz.com](http://www.ReykjavikJazz.com) og smellt á „Lukkunúmer“ krækjuna á aðalsíðunni.

## Birgir og Ágústa fyrirlesa

Birgir Snæbjörn Birgisson, myndlistarmaður og kennari við Listaháskóla Íslands, heldur opinn fyrirlestur um verk sín í fyrirlestarasal Listaháskólans, Laugarnesi, í dag kl. 12.30 í stofu 024. Birgir mun fjalla um frásögnina sem er ríkur þáttur í verkum hans og mikilvægi þátttöku og nærveru áhorfandans. Skoðuð verður þróunin sem hefur orðið á verkum Birgis síðastliðin ár. Ljóst og loftkennt yfirbragð er orðið allsráðandi og lýsir listamaðurinn því sjálfur sem svo að hann sé að hvísla að áhorfandanum.

Á miðvikudaginn kl. 12.30 heldur Ágústa Kristófersdóttir, safnvörður á Kjarvalsstöðum, fyrirlestur í LHÍ í Skipholti 1, stofu 113, sem hún nefnir: „Þegar hugmyndafræði verður tíska.“ Fjallað verður um þær breytingar sem funksjonalisminn tók frá því hann varð til sem hugmyndafræði í Evrópu á þriðja áratugnum þar til íslenskir múrarar og smíðir teiknuðu hús í anda hans og byggðu þau í Norðurmýrinni í Reykjavík.

Á miðvikudaginn kl. 12.30 heldur Ágústa Kristófersdóttir, safnvörður á Kjarvalsstöðum, fyrirlestur í LHÍ í Skipholti 1, stofu 113, sem hún nefnir: „Þegar hugmyndafræði verður tíska.“ Fjallað verður um þær breytingar sem funksjonalisminn tók frá því hann varð til sem hugmyndafræði í Evrópu á þriðja áratugnum þar til íslenskir múrarar og smíðir teiknuðu hús í anda hans og byggðu þau í Norðurmýrinni í Reykjavík.

## Tölvur og tónlistarkennsla

Námskeið um tölvur og tónlistarkennslu hefst 5. október við Opna listaháskólann. Það er ætlað tónlistarkennurum og fjallar um notkun tölvutækni við tónlistarkennslu. Gengið er út frá að þátttakendur hafi grunnþekkingu á tölvuvinnu. Kennarar eru Jón Hrólfur Sigurjónsson tónlistarkennari og Hilmar Þórðarson tónskáld, og kennt verður í tölvuveri LHÍ, Skipholti 1, stofu 305.

## Er ævintýrið úti?

Annað kvöld kl. 20 verður haldið Bókakaffi í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8. Þá tilkynnir Íslandsdeild IBBY hverjir verði tilnefndir til H.C. Andersens verðlaunanna og á heiðurslista IBBY-samtakanna árið 2002. Síðan veltir Dagný Kristjánsdóttir upp spurningunni „Er ævintýrið úti?“ sem allir taka þátt í að ræða fram eftir kvöldi.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



# Illmenni og kjáni


Kóngur, kjáni, illmenni var yfirskrift tónleika sem haldnir voru í Salnum í Kópavogi á fimmtudagskvöldið. Þar komu fram Bjarni Thor Kristinsson bassi og Austurríkismaðurinn Franz Carda pianóleikari og leyfðu þeir áheyrendum að kynnast hinum fjölbreyttu hlutverkum sem bassinn gegnir á óperusviðinu. Það er ekki vanþörf á því, flestir taka bara eftir prímadonnunni eða hetjutenórnum og þá fellur bassinn í skuggann. Bjarni Thor myndi þó sennilega valta yfir flestar skærari raddir, hann er einstakur söngvari með mjög dimma rödd, nánast svarta, afar kraftmikla og vel mótaða. Hin ólíkustu gervi birtust manni ljóslifandi á tónleikumunum: þarna var Heinrich konungur í Lohengrin Wagners, presturinn Sarastro í Töfraflautu Mozarts, öryrkinn Porgy í „alþýðuoperunni“ Porgy og Bess eftir Gershwin og alls konar aðrar skrautlegar persónur.

Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari kynnti hverja arú og gerði það sérlega lífliga, enda var létt andrúmsloft á tónleikumunum. Eitt skemmtilegasta atriðið var þegar Bjarni Thor brá sér í hlutverk kjána nokkurs í arúnni Solche hergelaufine Laffen úr óperunni Brottnámið úr kvennabúrinnu eftir Mozart. Áður en atriðið byrjaði var stillt upp nótnastatífi með pappírsspjaldi og merkti söngvarinn við í hvert skipti sem hann söng setninguna „Ich habe auch Verstand“ eða „ég skil þetta líka“. Fyrst voru þó áheyrendur spurðir hvort einhver þeirra vissi hversu oft setningin kæmi fyrir í arúnni en enginn gat svarað því. Í ljós kom að það var hvorki meira né minna en fjórtán sáttum og samt var ekki dauðan punkt að finna í tónlistinni. Enda var túlkun Bjarna Thors svo litrík og myndin að margir áheyrendur réðu sér ekki fyrir hlátri.

Lagið Ich bin ein Bass eftir Edmund Köttscher var sömuleiðis mjög skandið. Þar gerði söngvarinn grín að sér óæðri mönnum og hélt því fram með skrækum rómi að tenórar syngi eins og börn en ekki eins og fulltíða karlmenn. Illmenni á tónleikumunum

voru einnig kostuleg og geðveikislegur hlátur Kölska í arú úr Fást eftir Gounod hefði sómt sér ágætlega í hvaða B-mynd sem er.

Dægurlögin sem flutt voru á tónleikumunum voru frábær, þar var Bjarni Thor ósköp blátt áfram og ekki í þessum



DV-MYND GVA

Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari

Einstakur söngvari með mjög dimma rödd, nánast svarta, afar kraftmikla og vel mótaða.

tilgerðarlegu stellingum sem óperusöngvarar setja sig gjarnan í. Ber það gáfum söngvarans fagurt vitni að hann leyfði tónlistinni að flæða eðlilega án þess að upphæfa sjálfan sig í leiðinni.

Eins og áður sagði lék Franz Carda á pianóið sem var hinn nýi Steinwayflygill Salarins. Hann var opinn til fulls alla tónleikana, enda aríur á efnisskránni þar sem pianóið gegnir hlutverki heillar hljómsveitar. En hljómurinn var dálítið hvass hér og þar, eins og Carda hafi ekki alltaf verið að passa sig. Hann gerði þó margt afar vel, fylgdi söngvaranum fullkomlega, hreyfði úlnliðinn ótrúlega hratt í La Calunnia úr Rakaranum frá Sevilla eftir Rossini og ásláttur hans var silkimjúkur í dægurlögunum.

Í stutu máli sagt voru þetta frábærir tónleikar og með þeim betri sem undirritaður hefur farið á.

Jónas Sen



# Með fullri ljóðrænu

Mánuðir ársins eru misjafnlega rænumiklir. Sumir líða hjá án þess að eftir þeim verði tekid. Aðrir líða eins og örskot og enn aðrir komast varla úr dögnum. Marga mánuði sér maður ekki fólk. Og suma sér maður ekki sól. Loks eru þeir mánuðir sem maður hefur sérstaklega mikið dálæti á og telur sig elska.

Ég hef alltaf dáðst að október. Hann er svipmikill mánuður að minni viti og fellir heila árstíð með svo tilkomumiklum hætti að ljósmyndarar missa tár á bóknum Þingvallavatns. Eins hafa listmálarar lagst út á þessum tíma árs þegar rauði litur náttúrunnar verður svo ástriðufullur að andinn mælist einn á Ríkter. Svo eru það ljóðskáldin sem vilja helst ekki yrkja um annað en haustið. Þau klæðast haustinu og eiga þar sitt heimili og varnar-

þing. Þeim líður aldrei betur en í október.

Fátt er nefnilega ljóðrænna en október með flognum fuglum og fölki með axlir upp í tungl. Það er eins og skáldin eigi þessa árstíð þegar hauströkkrið hellist yfir þau. Það fellur eins og fullskrifuð blöð af trjánum.

Ég elska október og tek eftir því að hann er nokkuð hændur að mér. Í október fær maður aftur myrkríð sitt sem er svo mikilvægur partur af því að skilja birtuna. Í október er eins og lífð hrifi mann með sér. Allt fari af stað og opnist upp á gátt; listhús og búðir og leikhús og námskeið. Allt samfélagið byrji að undirbúa veislu sína sem varir veturinn á enda.

Október skiptir sköpum. Hann breytir fölki. Og um hann verður áfram ort.

-SER